



## Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Stjórnarfundur 11. maí 2022

**Staðsetning fundar:** Vinnustofa Kjarvals

**Dagsetning:** mið 11.05.2022 kl. 15:30

**Mættir:** Anna, Áróra, Íris, Alexandra, Sunna, Olga, Sirrý, Ragnar

**Fundarritari:** Alexandra

GBC Iceland – Grænni byggð

Fulltrúar 2022-2024 sem kjörnir voru á aðalfundi GB þann 28. apríl 2022:

1. Alexandra Kjeld (AK), – EFLA verkfræðistofa - [alexandra.kjeld@efla.is](mailto:alexandra.kjeld@efla.is)
2. Ragnar Ómarsson (RÓ), – Verkís verkfræðistofa – [rom@verkis.is](mailto:rom@verkis.is)
3. Sigríður Ósk Bjarnadóttir (SÓB), – VSÓ ráðgjöf - [sigridur@vso.is](mailto:sigridur@vso.is)
4. Sunna Hrönn Sigmarsdóttir (SHS), – Reginn – [sunna@reginn.is](mailto:sunna@reginn.is)

Fulltrúar 2021-2023:

5. Anna Sigríður Jóhannsdóttir (ASJ), - VA arkitektar – [anna@vaarkitektar.is](mailto:anna@vaarkitektar.is)
6. Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ), - umhverfisstjóri hjá Reitum – [iris@reitir.is](mailto:iris@reitir.is)
7. Olga Árnadóttir (OÁ), – Framkvæmdasýsla ríkisins – [olga.a@fsr.is](mailto:olga.a@fsr.is)

Áróra Árnadóttir (ÁÁ) – framkvæmdastjóri Grænnar byggðar – [arora@graennibyggd.is](mailto:arora@graennibyggd.is)

### Dagskrá fundar:

1. Ný stöðugildi hjá GB
2. Viðburðir og starf framundan

#### 1. Ný stöðugildi hjá Gb

Búið er að taka viðtöl við umsækjendur vegna WP4 verkefnis HMS og Grænnar byggðar. Upp kom tillaga um að ráða 2 starfsmenn, 2x70%, í stað eins starfsmanns, til tveggja ára. Þetta hentar báðum umsækjendum sem koma til álita vel. Ráðning starfsmanns fer fram á allra næstu dögum og vikum, þ.e.a.s. í maí mánuði. Rætt verður við mannauðsstjóra HMS til að leggja línur varðandi launakjör.

Varðandi sumarstarfsmann þá sótti enginn hentugur starfsmaður um, utan eins nemanda sem staddur verður erlendis. Það er í skoðun hvort að slíkt henti til verkefnavinnu á einhverjum tímamarki, frekar en til hefðbundinna rekstrarstarfa Gb yfir sumarið. Einnig var ræddur sá möguleiki að fá til starfa einhvern í gegnum Vinnumálastofnun „Hefjum störf“, en það er e.t.v. ekki hentugur kostur í sérhæfð og tímabundin störf. Í umsóknarferli til framkvæmdarstjóra 2021 komu einnig álitlegir starfsmenn til greina sem lýstu yfir áhuga á tímabundinni verkefnavinnu.

Sótt hefur verið um styrk til UOL-ráðuneytis (nú UOL), m.a. vegna launa nýs starfsmanns Gb, Katarzyna, sem og til styrktar Gb vegna hringrásarhagkerfisins. Ef þetta gengur ekki þá þarf stjórn og framkvæmdastjóri að leita annarra leiða.



## 2. Viðburðir og starf framundan

Rædd var sú staða að erfitt er að hafa yfirsýn yfir viðburði, samstarfsverkefni, rannsóknarstyrki og ýmsa hluti sem eru í gangi innan geirans. Spurning hvert hlutverk Gb er í samanburði við t.d. hlutverk hinna ýmsu fagfélaga, t.d. Arkitektarfélagins, Hönnunarmiðstöðvar o.s.f.rv. varðandi utanumhald og miðlun. Æskilegt væri að hægt væri að leita til eins miðlægs viðburðadagatala varðandi vistvæna mannvirkjagerð. Komið hefur fram sú hugmynd að hafa sameiginlegt dagatal með GBC Norðurlandanna.

Næsti morgunfundur GB er á Teams þann 18. maí: Steypa – BM Vallá, Steypustöðin, EFLA (hampsteypa), PAKO (einingar). Rætt var að 1-klst-morgunfundir („Morgunstund“) eru mjög hentugir á Teams. Einboðið er að fundir „á stað“ séu lengri, til að bjóða upp á betri umræður.

Rætt var félagsstarf Grænnar byggðar, annarsvegar hvernig staðið sé að því að bjóða nýjum aðilum að gerast félagar, sem og hvort hægt sé að bjóða núverandi aðildafélögum að hækka sig upp um flokk? Það ætti að vera eftirsóknarvert að vera félagi og mikilvægt er að vinna eða þátttaka aðildarfélagi sé gerð sýnileg og metin að verðleikum. Rædd var hvernig staðan á markaði og hjá félaginu er gjörólík árið 2022 heldur en hún var fyrir tíu árum 2012. Skoða þyrfti að víkka út netið og rætt var hvort að markhópurinn fyrir Grænni byggð sé í raun stærri en ætla mætti.

Rædd voru næstu skref varðandi Grænu skófluna – verðlaun fyrir framúrskarandi vistvæna mannvirkjagerð. Rædd var sú tilhögun að dómnefnd Grænu skóflunnar yrði skipuð stjórn Grænnar byggðar. Verið er að leita tilboða hjá vöruhönnuði við útfærslu verðlaunagrips, en sú manneskja getur einnig hannað grafískt kynningarefni.

Næsti stjórnarfundur var settur á dagskrá 30. maí. Á næsta fundi þarf stjórnin að skipta með sér verkum. Einnig þarf að ganga frá ýmsum skjölum, ræða lagabreytingartillögur og aukaaðalfund að hausti, Grænu skófluna, starfsmannatilhögun og skipun starfsnefndar vegna Dags Grænnar byggðar.

Fleira var ekki gert, fundi slitið kl 17:30.